

## Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs 10. fundur 29. ágúst 2002

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 29. ágúst 2002 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1-3, 3. hæð, og hófst kl. 14.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. -

Formaður setti fund og las upp bréf frá bæjarritara, sem honum hafði borist, dags. 10. júlí, þar sem tilkynnt er að á fundi bæjarráðs Kópavogs 5. júlí sl. hafi farið fram í umboði bæjarstjórnar kosning í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs. Aðalfulltrúar og varafulltrúar eru hinir sömu og áður, formaður sömuleiðis, og lagði hann til að ritari yrði sá sami og verið hefur (sbr. 1.fg., bls. 2, og 2. fg., 1.l.).

Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Starfið til áramóta.
2. Fannborg 3-5.
3. Önnur mál.

### 1. Starfið til áramóta.

Héraðsskjalavörður minnti á að fljótlega þyrfti að huga að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Í því sambandi var rætt að enn hefur safnið ekki fengið sérstaka fjárveitingu. Formaður lagði til að þau mál yrðu tekin fyrir á sérstökum fundi í næsta mánuði, og var það samþykkt.

Héraðsskjalavörður upplýsti að áfram hefði verið og yrði haldið að taka við skjölum og sinna daglegri afgreiðslu, en hann kvaðst hafa hinkrað með að auglýsa sérstakan afgreiðslutíma, enda hugsanlegar breytingar á starfsmannaskipan.

### 2. Fannborg 3-5.

Stjórnin samþykkti að leita eftir því við bæjarstjórn að safninu verði fengið rýmra húsnæði og betri starfsaðstaða en það býr nú við með því að flytja það í það húsnæði sem Bókasafn Kópavogs hafði áður til umráða í Fannborg 3-5. Jafnframt óskar stjórn safnsins að það fái til umráða og notkunar bókasafn Ólafs Ólafssonar læknis, sem þar er geymt, en lítt eða ekki hefur nýst og gæti orðið starfsemi safnsins til eflingar.

### 3. Önnur mál.

- a) Lagt var fram nýtt skipurit bæjarins, en með því er sú breyting á orðin að Héraðsskjalasafn Kópavogs heyrir framvegis undir Lista- og menningardeild Tómsunda- og menningarsviðs í stað Fjármála- og stjórnsýslusviðs.
- b) Í framhaldi af þeirri breytingu var samþykkt að leita eftir fundi með Birni Þorsteinssyni, sviðsstjóra Tómsunda- og menningarsviðs, við fyrstu hentugleika.
- c) Lagt var fram bréf frá bæjarritara, dags. 27. ágúst, vegna óskar safnstjórnar um bílastyrk til héraðsskjalavarðar (sbr. 8. fg., 3.l. b). Þar er tilkynnt að á bæjarráðsfundi 22. ágúst sl. hafi erindinu verið vísað til umsagnar starfsmannastjóra.

- d) Lagt var fram til upplýsingar bréf Þjóðskjalavarðar til héraðsskjalavarða um sýningarhald, þar sem boðin er fram aðstoð og gögn í því sambandi og bent á samstarfsmöguleika Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna og héraðsskjalasafnanna sín í milli í tengslum við hugsanlegar sýningar, sýningarefni og búnað.
- e) Dreift var til kynningar gögnum um undirbúning skjalavörslukerfis, en þar er einkum fjallað um hvernig beri að skipuleggja skjalastjórn í tengslum við rekstur sveitarfélaga, hvort sem um pappírsskjöl eða rafræn skjöl er að ræða.

Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 15.40.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal  
meðstjórnandi

Leó Ingason  
héraðsskjalavörður